

Nd.

127. Nefndarálit

um frumv. til laga um breyting á lögum nr. 34, 16. nóv. 1907, um skipun læknishjeraða o. fl.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir athugað frumvarp þetta í samráði við landlækni, og er hann sammála nefndinni um það, að varhugavert sje að skifta í sundur læknishjeruðum, þar sem mjög erfitt hefir reynst að fá lækna í þessi smáhjeruð, vegna þess að þau geta alls ekki boðið þeim lífvænleg kjör; afleiðingin því oft sú, að þau hafa orðið algerlega læknislaus.

Aftur á móti vill nefndin benda á það, að hagkvæmt muni vera í framtíðinni að gera breytingu á takmörkum Hróarstunguhjeraðs og Fljótsdalshjeraðs.

Eins og kunnugt er, þá er miðdepill allra samgangna í Fljótsdalshjeraði um Egilsstaði við Lagarfljótsbrú. Telur nefndin það besta úrlausn á þessu máli, samkvæmt bendingu landlæknis, að læknissetrið verði í náinni framtíð flutt frá Brekku í Fljótsdal sem næst Lagarfljótsbrúnni, og verði þá aukið við Fljótsdalshjerað þeim hluta af Hróarstunguhjeraði, er næst liggur, eftir því sem hagkvæm-

ast þykir. Ættu þá þær sveitir Hróarstunguhjéraðs, er lengst liggja frá læknissetrinu í Borgarfirði, langt um hægra að ná til læknis Fljótsdalshjéraðs.

Það er því álit nefndarinnar, að rjett sje að landsstjórnin og hlutaðeigendur athugi og undirbúi þetta mál í nánustu framtíð, sjerstaklega í þá átt að útvega læknissetur sem næst þessum tilnefnda stað, og jafnframt að gera ráðstafanir um sölu á sjúkraskýli því, sem nú er á læknissetrinu Brekku.

Samkvæmt framanrituðu getur nefndin því ekki mælt með frumvarpinu eins og það liggur fyrir, og ræður til að það sje felt.

Alþingi, 19. júlí 1917.

Einar Arnórsson,
formaður.

M. Guðmundsson,
skrifari.

Einar Árnason,
framsm.

Pjetur Ottesen.

Einar Jónsson.